

16. nóvember 1984

693

Nr. 432

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr
Fiskveiðasjóði Íslands.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. desember 1984.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 sbr. l. 40/1984 um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

12. nóvember 1984

SAMÞYKKT

Nr. 433

um afgreiðslutíma verslana á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar á Akranesi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07:00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23:30 alla daga vikunnar sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23:30 til kl. 07:00 að morgni.

B 89

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg